

LÖG

um breytingu á lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

4. tölul. V. liðar 1. gr. laganna orðast svo:

4. Skálholtsprestakall:

Skálholts-, Bræðratungu-, Haukadals- og Torfastaðasóknir.

Prestssetur: Skálholt.

2. gr.

2. mgr. 42. gr. laganna fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á ákvæði til bráðabirgða í lögnum:

- a. 5. tölul. orðast svo: Nú losnar embætti sóknarprests í Bergþórshvolsprestakalli og er þá heimilt að setja prest til að gegna því embætti allt til 1. janúar 1999.
- b. Við bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Heimilt er í Grafarvogsprestakalli í Reykjavík-urprófastsdæmi eystra að ráða sóknarpresti annan prest til aðstoðar fram til 1. janúar 1999.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1997.

Gjört á Bessastöðum, 27. maí 1997.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Akbachev, Mikhail, þjálfari á Akureyri, f. 2. júní 1962 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 11. júlí 1997.
2. Akbacheva, Ekaterina Borisovna, sjúkraliði á Akureyri, f. 23. september 1967 í Sovétríkjunum. Fær réttinn 11. júlí 1997.
3. Alguno, Grace Cañada, starfsstúlka í Reykjavík, f. 11. október 1963 á Filippseyjum.
4. Anbari, Aziza Ascour, húsmóðir í Reykjavík, f. 8. ágúst 1968 í Marokkó.
5. Andersen, Torbjörn, læknir á Seltjarnarnesi, f. 5. júlí 1967 í Noregi.

Endurprentað blað.